

# Framtíð minni sveitarfélaga á Íslandi

Fundur 6. október 2021 á Hilton Nordica, sal H, kl. 14:00

Boðað er til fundar um framtíð minni sveitarfélaga, samstarf þeirra og hagsmunagæslu.

## Dagskrá:

1. **Áhrif stærðar sveitarfélaga á framlög Jöfnunarsjóðs**, Gústav. A. Gústavsson sérfr. Jöfnunarsj.
2. **Fyrirspurnir.**
3. **Styrkur samstöðunnar – formlegt samstarf eða óformlegt**, Pröstur Friðfinnsson sveitarstj. opnar umræðuna.
4. **Almennar umræður.**
5. **Ákvörðun tekin um framhaldið.**

Á fundinum verður rætt hvort og hvernig samstarfi minni sveitarfélaga verði fram haldið og hver þörf sé fyrir slíkt samstarf. Til álita kemur hvort stofna eigi formleg samtök sem vinni að hagsmunagæslu fyrir minni sveitarfélög, eða hvort ætti að halda áfram með óformlegt grasrótastarf.

Gústav A. Gústafsson sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verður með stutt erindi, þar sem hann svarar hvernig stærð sveitarfélags hefur áhrif á framlög m.v. reglur sjóðsins.

Fundurinn er ætlaður fyrir fulltrúa minni sveitarfélaga, án þess að sett séu nein mörk á stærð þeirra. Þátttakendur eru beðnir að skrá sig með tölvupósti á [sveitarstjori@grenivik.is](mailto:sveitarstjori@grenivik.is) þar sem upp er gefið; Nafn, staða og sveitarfélag, fyrir kl. 12:00 mánudaginn 4. október. Ef til atkvæðagreiðslu kemur, hefur hvert sveitarfélag sem mætir eitt atkvæði á fundinum, vinsamlegast gefið upp við skráningu hvaða fulltrúi fer með atkvæðisréttinn.

Með skráningu á fundinn er gefið samþykki fyrir því að kostnaði við hann verði jafnað á milli þeirra sveitarfélaga sem sækja fundinn, áætlað að gæti orðið kr. 3.000 til 5.000 á sveitarfélag, eftir mætingu.

Verið velkomin á fróðlegan, líflegan og vonandi gagnlegan fund.

29. september 2021,

Samstarfshópur minni sveitarfélaga